



# Skýrsla um Grænt Bókhald fyrir árið 2023



## Inngangur og undirskriftir

Félagið Moltu ehf. var stofnað í mars 2007. Að stofnun þess komu öll sveitarfélög í Eyjafirði sem eigendur Flokkunar ehf., stórir matvælaframleiðendur á Eyjafjarðarsvæðinu og fleiri aðilar.

Til Moltu kemur hráefni frá sláturhúsum, matarleifar frá heimilum og fyrirtækjum, timburkurl, trjáskurl og pappír sem er jarðgert og breytt í næringarríkan jarðvegsbæti; kraftmoltu.

Ávinningurinn fyrir samfélagið og umhverfið er ótvíræður. Meðhöndlun slíks hráefnis líkt og gert er í Moltu skilar miklum umhverfisávinningi. Losun gróðurhúsalofttegunda minnkar umtalsvert samanborið við urðun eins og áður var gert.

Moltan er nýtt af einstaklingum, bændum, sveitarfélögum og opinberum stofnunum. Að hluta til kemur moltan í stað tilbúins innflutts áburðar.

Moltu ehf. er með rekstraleyfi gefið út af Matvælastofnun og starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun (sjá fylgiskjöl).

Stöðugildi Moltu á árinu 2023 voru 4,2.



*Ari Hilmarsson að athuga með kornið sitt þar sem kraftmoltu var notuð sem áburður.*

Með undirskrift sinni staðfestir stjórn Moltu ehf. að allar þær upplýsingar sem gefnar eru í þessari skýrslu eru unnar upp úr gögnum fyrirtækisins og eru rétt veittar samkvæmt okkar bestu vitun.

Engin frávik á sviði umhverfismála í rekstri Moltu ehf. eru talin hafa orðið á bókhaldsárinu 2023.

Samkvæmt 10. gr. reglugerðar um grænt bókhald nr. 851/2002 hafa allar tölulegar upplýsingar fyrir árið 2023 í skýrslu þessari verið endurskoðaðar af endurskoðanda Moltu ehf, Hólmgrími Bjarnasyni, Deloitte hf. Er undirskrift hans hér fyrir neðan staðfesting á endurskoðun.

## Starfsemi Moltu ehf.

### Nafn fyrirtækis

Molta ehf. kt. 600407-0580

### Lögheimili

Þveráreyrar 1a, 605 Akureyri

### Fyrirtækjaflokkur

Fyrirtækið fellur undir flokk 6.5 skv. fylgiskjali reglugerðar um grænt bókhald (851/2002)

### Bókhaldstímabil

Bókhaldstímabilið nær frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2023.

### Gildistími starfsleyfa

Starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun gildir til 18.11.2036

Starfsleyfi gefið út af Matvælastofnun er ótímabundið

### Stjórn Moltu ehf.

Ketill Sigurður Jólsson stjórnarformaður

Finnur Yngvi Kristinsson

Sæbjörg Sýlvía Kristinsdóttir

Pétur Grétarsson

Sigríður Ingvarsdóttir

### Eigendur

Molta er eignarhaldsfélag og er „samvinnuleið“ einkaaðila og hins opinbera, eða sem á ensku er kallað „PPP“ (e. public, private partnership).

Eigendur Moltu ehf. er 19 talsins en þeir stærstu eru Akureyrarbær, Byggðastofnun og Flokkun Eyjafjarðar.



# Magntölur

		Hlýnunarmáttur					
Breyta		Eining	Notkun / innvegið		Losunarstuðull Kg CO2/einingu	Losun tonn co2 íg.	
			2022	2023		2022	2023
Orkunotkun	Rafmagn*	KWh	274,8	286	0,010	2,8	2,9
	Heitt vatn	m <sup>3</sup>	5.255,0	7.032	0,000	0,0	
	Díselolía	ltr	14.547,0	14.631	2,7	39,6	39,8
	Bensín	ltr	1.979,0	2.270	2,3	4,6	5,3
	Metan	Nm <sup>3</sup>	2.271,0	75	0,002	4,54	0,1
<b>Samtals</b>						<b>51,57</b>	<b>48,20</b>
Úrgangur	Blandaður úrgangur (urðun)	tonn	321,35	412,18	0,88	282,79	362,71
	Brennsla án orkunýtingar	tonn	0,18	0,92	0,684	0,17	0,63
	Hráefni til endurvinnslu	tonn	0,77	1,48	0	0,00	0,00
	<b>Samtals</b>						<b>282,95</b>
Jarðgerð	Sláturúrgangur	tonn	2.613	2.829	0,172	449,44	486,59
	Matarleifar	tonn	2.135	2.291	0,172	367,22	394,05
	Stoðefni	tonn	2.449	3.388	0,172	421,23	582,74
	<b>Samtals</b>						<b>1.238</b>
<b>Heildarlosun (tonn CO2 íg.)</b>						<b>1.572</b>	<b>1.875</b>

Notast er við losunarstuðla frá UST og CDP-gagnagáttinni.

## Helstu niðurstöður / Losunarávinningur

Eins og sjá má er jarðgerð stærsti losunartþátturinn. Hafa þarf í huga að áhrif jarðgerðar hjá Moltu á kolefnisbókhald Íslands felst í því, að í stað þess að urða lífrænt hráefni þar sem myndast metan (CH<sub>4</sub>) þá verður til koltvísýringur (CO<sub>2</sub>) en metan er 25-30 sinnum öflugri GHG en koltvísýringur. Losunarstuðull fyrir jarðgerð er 0,172 í stað 1,75 fyrir urðun á sama efni. Sá ávinningur sem fæst með því að senda lífrænt hráefni til jarðgerðar í Moltu í stað urðunar er því 13.426 tonn af CO<sub>2</sub> íg. fyrir árið 2023.

		Losunarávinningur			Hlýnunarmáttur		
Breyta		Eining	Notkun / innvegið		Losunarstuðull Kg CO2/einingu	Losun tonn co2 íg.	
	Innveginn úrgangur hjá Moltu	tonn	7.197	8.508	1,75	12.595	14.889
	Innveginn úrgangur hjá Moltu	tonn	7.197	8.508	0,172	-1.238	-1.463
<b>Samtals losunarávinningur (tonn CO2 íg.)</b>						<b>11.357</b>	<b>13.426</b>

## Fylgiskjal 1

STARFSLEYFI / APPROVAL	
<p>Með vísan til 13. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og vamin gegn þeim, með síðari breytingum veitir Matvælastofnun hér með leyfi til neðangreinds.</p> <p>With reference to article 13 of the Icelandic legal act no. 25/1993 on animal diseases and measures to control them, The Icelandic Food and Veterinary Authority hereby grants an approval to the establishment below to carry out the following activity(-ies).</p>	
Samþykkisnúmer / Approval number:	A840
Starfsstöð / Establishment name:	Molta ehf.
Heimilisfang / Address:	Pveráreyrum 1a 605 Eyjafjarðarsveit
Kennitala / National ID number:	600407-0580
Gildir frá / Valid from:	6.6.2011
Leyfið gildir til / Valid until:	Ótímabundið / Indefinitely
<p><i>Starfsleyfið er bundið við ofenskráða kennitölu, aðsetur og starfsemi. Starfsleyfshafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Öðrvið er að hefja aðra virkni en starfsleyfið nær til, nema að fangnu samþykki Matvælastofnunar.</i></p> <p><i>The approval is limited to the above national ID number, address and activity. The operator is obliged to fulfill all the relevant demands that are placed in legal acts by the competent authorities. The operator can only start up new activity in the establishment if the Icelandic Food and Veterinary Authority permits.</i></p>	
<p>Starfsemi / Activity(-ies) ABP - Section VII - COMP - Composting plants - Gildir frá / Valid from: 06.06.2011</p> <p>Áhættuflokkun - ABP Áhættuflokkun / ABP Category - 2 - Not to be used for feed / Óhæft sem fóður Molta má aðeinst vinna úr 3. áhættuflokki nema innihaldi moltingarveggar og búffjarbúrdi sem er í 2. áhættuflokki.</p> <p><i>Elfrún Þorvaldsdóttir</i> </p> <p>Hilmar Ólafur Jónsson Forstjóri / Director</p>	
<p>Printað: 3.11.2022 #0006932 Blaðsíða / Page   1</p>	
<p>Printað: 3.11.2022 #0006932 Blaðsíða / Page   2</p>	

## Fylgiskjal 2

Niðurstöður úr frárennissýni Moltu, tekið í júní 2023



Sýni ehf  
Víkurbær 3, 203 Kópavogur  
profanir@syni.is  
Sími: 512-3380

## Rannsóknaniðurstöður



Niðurstöður gefnar út af  
fagglíðri prófunarstöðu.

Molta ehf.  
Þveráreyrar 1a  
801 Akureyri  
Ísland

Skýrsla nr.: 27848-23  
Gerð sýnis: Frárennslí  
Dags. beiðni: 15.6.2023  
Dags. rannsóknar: 15.6.2023  
Sýnataka: Molta ehf.  
Tengiliður: Kristján Ólafsson  
Starfsstöð: Molta ehf. - Þveráreyrar 1a  
Samþykkisnr. A840

Sýni nr.	Mæling	Niðurstöður	Mælieining	Aðferð
23-7266	Frárennslí - Brunnur úr verk.húsi, 12.06.23, kl.10:30			
	COD	885 mg/L +/- 15%		HACH - Aðferð 8000
	* BOD5	145 mg/L		HACH-BOD direct plus, respirometric
	* Ammoníak NH <sub>3</sub> -N	22,5 mg/L		HACH - Aðferð 10031
	* pH	6,0		
	* Frír-klór	< 0,1 mg/L		
	Svifagnir (TSS)	206 mg/L +/- 19%		Standard methods 2540 D
23-7267	Frárennslí - 0 punktur, krani í húsi 12.06.23, kl.10:30			
	COD	< 3 mg/L +/- 15%		HACH - Aðferð 8000
	* BOD5	< 1 mg/L		HACH-BOD direct plus, respirometric
	* Ammoníak NH <sub>3</sub> -N	< 0,4 mg/L		HACH - Aðferð 10031
	* pH	7,7		
	* Frír-klór	< 0,1 mg/L		
	Svifagnir (TSS)	< 2 mg/L +/- 19%		Standard methods 2540 D
23-7268	Frárennslí - Brunnur, affall af plani 12.06.23, kl.10:30			
	COD	15 mg/L +/- 15%		HACH - Aðferð 8000
	* BOD5	< 1 mg/L		HACH-BOD direct plus, respirometric
	* Ammoníak NH <sub>3</sub> -N	< 0,4 mg/L		HACH - Aðferð 10031
	* pH	6,7		
	* Frír-klór	< 0,1 mg/L		
	Svifagnir (TSS)	12 mg/L +/- 19%		Standard methods 2540 D

Kópavogur, 26.6.2023

Þetta er prófunarskýrsla sem hefur verið yfirfarin og samþykkt á rafrænan hátt. Skýrslan er gild án undirskriftar

Magnús Snær Árnason  
Sérfræðingur

\* Ófagglíðar mælingar

Upplýsingar um aðferðir, umfang fagglíðingar, óvissu og öryggismörk má finna á [www.syni.is](http://www.syni.is). Cheimillt er að afdrita þessa skýrslu nema í heild sinni. Niðurstöður eiga einungis við um þá sýni sem mælt var, eins og það birtist rannsóknastofnunni. \*Prófanir merktar með stjörnu eru ekki fagglíðar. < 1 = ekki greinanlegt



Molta ehf  
Þveráreyrum 1a  
601 Akureyri

Reykjavík, 19. nóvember 2020  
UST202001-048/S.A.J.  
08.14.01

**Efni:** Umsókn um starfsleyfi - Molta

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Molta ehf. um starfsleyfi til endurnýtingar á úrgangi að Þveráreyrum.

Stofnunin hefur tekið ákvörðun um útgáfu starfsleyfi þann 18. nóvember 2020.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Hjálagð er undirritað starfsleyfi ásamt greinargerð.

Virðingarfyllt

Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
teymisstjóri

Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur

Suðurlandsbraut 24 +354 591 2000  
101 Reykjavík www.ust.is

Fallegt rúfna undirskrift

**RAKEL SIGURVEIG KRISTJÁNSDÓTTIR**

Kennitala: 262990-3029  
30001133 872318 (MÖ)  
Ástæða: Undirskrift

Fallegt rúfna undirskrift

**SVERRIR AÐALSTEINN JÓNSSON**

Kennitala: 210800-9188  
30001133 872318 (MÖ)  
Ástæða: Undirskrift